

# Lipurlega skrifuð skýrsla frekar en ævisaga

Bókarhöfundur: **Björgvin Guðmundsson.**

Bókarheiti: **Efst á baugi.**

Gagnrýnandi: **Hannes H. Gissurarson**, prófessor.

Útgáfa: **Sögur, Reykjavík, 216 bls.**

## Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

“Raunar er bókin öll eins og lipurlega skrifuð skýrsla frekar en þaulunnin og listræn mynd af mönnum og viðburðum.“

Á sjöunda áratug tuttugustu aldar hljómaði fjörugt og nútímalegt lag, „Vélritarinn“ eftir Leroy Anderson, jafnan á föstudögum í hverri viku í Ríkisútvarpinu, strax að loknum kvöldfréttum og pistli um íslenskt mál. Síðan töluðu tveir blaðamenn, Björgvin Guðmundsson af *Alþýðubladinu* og Tómas Karlsson af *Tímanum*, ábúðarmiklir um það, sem væri „Efst á baugi“, eins og þáttur þeirra nefndist, á erlendum vettvangi. Skæðar tungur sögðu, að pistlar þeirra væru að mestu leyti þýðingar úr erlendum fréttatímaritum. Ég var á áttunda ári, þegar raddir þeirra bárust fyrst um í ljósvakann, en mér og öðrum áheyrendum þess tíma opnuðu þeir sýn út í víða veröld. Þá var miklu meira hlustað á útvarp en síðar gerðist, enda fátt annað í boði, og ungum sem öldnum fannst þátturinn fróðlegur og skemmtilegur. Nú hefur annar umsónarmaðurinn, Björgvin Guðmundsson, sem er á níraðisaldri, gefið út æviminningar, sem hann kallar eftir þættinum „Efst á baugi“. Bók hans er þó ekki um það, sem frétt næmast hefur verið í heiminum síðustu átta tíu árin, heldur aðallega um hitt, sem drifið hefur á daga Björgvins sjálfs.

Björgvin Guðmundsson fæddist í miðri heimskreppunni, 1932. Foreldrar hans voru fátækir, faðir hans verkamaður og móðir hans húsmóðir. Bæði fengu þau um skeið berkla. Þau hröktust með fjögur börn sín á milli leiguíbúða í bænum, uns þau keyptu íbúð í fjölbýlishúsi, sem Reykjavíkurbær hafði reist á Hringbraut, þegar Björgvin var ellefu ára. Þar var Þórbergur Þórðarson einn nágrenni fjölskyldunnar. Björgvin byrjaði snemma að vinna fyrir sér, þótt hann væri um leið námfús og framgjarn. Gekk hann í Gagnfræðaskóla Austurbæjar (þar sem hann segist hafa hlustað á föður minn, Gissur Jörund Kristinsson, halda margar ræður á málfundum til stuðnings sósíalisma) og síðan



í Menntaskólann í Reykjavík. Björgvin minnst á nokkra skólabræður sína þar, til dæmis Jökul Jakobsson leikskáld og Erling Gíslason leikara, en stuttlega.

Raunar er bókin öll eins og lipurlega skrifuð skýrsla frekar en þaulunnin og listræn mynd af mönnum og viðburðum. Björgvin hélt síðan í viðskiptafræði í Háskólanum, þar sem aðalkennarar hans voru Ólafur Björnsson, Gylfi Þ. Gíslason og Jóhannes Nordal, sem kenndi iðulega í forföllum Gylfa Þ. Gíslasonar. Björgvini líkaði vel við Ólaf og Gylfa, en segir ekkert um Jóhannes. Björgvin var einnig formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1955–1956. Hann segir frá því eins og það sé sjálfsgaðasta mál í heimi, að Stúdentaráð hélt í formannstíð hans tvær samkomur að heiðursgestinum fjarstöddum. Fyrst var kynning á ljóðum Steins Steinarrs, sem Steinn var ófáanlegur til að sækja, og síðan var fullveldissamkoma, þar sem ræða Halldórs Kiljans Laxness var leikin af þræði, því að ræðumaðurinn var farinn til útlanda.

Björgvin brautskráðist viðskiptafræðingur 1958 og gerðist blaðamaður á *Alþýðublaðinu*, þar sem hann hafði áður starfað með námi, en vann einnig að verkefnum í Framkvæmdabankanum, þótt hann minnst ekki á hinn aðsópsmikla bankastjóra þar, Benjamín Eiríksson. Foreldrar Björgvins kusu Alþýðuflokkinn, en móðir hans lét sjálfstæðismenn þó aka sér af kjörstað til að spara jafnaðarmönnum fyrirhöfn, eins og hún útskýrði fyrir Björgvini. Sjálfur gekk Björgvin ungur í Alþýðuflokkinn og var formaður Sambands ungra jafnaðarmanna 1956–1962. Í upphafi sjötta áratugar voru hörð átök í Alþýðuflokknum. Hannibal Valdimarsson felldi Stefán Jóhann Stefánsson úr formannsstóli 1952, en var sjálfur felldur 1954. Björgvin var í andófsarmi Gylfa Þ. Gíslasonar og Hannibals, en ákvað ásamt Gylfa að fara ekki úr Alþýðuflokknum með Hannibal, sem bauð fram með sósialistum 1956. Virðist Björgvin þó hafa viljað halda friðinn við sem flesta. Til dæmis varð hann góður vinur Stefáns Þjeturssonar, ritstjóra *Alþýðublaðsins* og eins nánasta samstarfsmanns Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Einkennileg eru þau orð, sem hann lætur falla um Stefán Þjetursson: „Sagt var, að Stefáni hefði verið hótad lífláti í Moskvu og að hann hafi flúið í bandaríska sendiráðið þar í borg.“ Saga Stefáns hefur einmitt verið rakin eftir tiltækum heimildum í tveimur tiltölulega nýjum bókum, *Sovét-Íslandi* eftir Þór Whitehead og *Íslenskum kommúnistum 1918–1998* eftir mig: Stefán hafði orðið undir í átökum innan íslenska kommúnistaflokksins og verið sendur í endurhæfingu á leyniskóla í Moskvu. Þar hafði hann látið ógætileg orð falla, svo að ætlunin var að senda hann í vinnubúðir. Hann leitaði á náðir danska sendiráðsins, sem útvegaði honum vegabréf sitt með nokkrum eftirgangsmunum og aðstoðaði hann við að komast úr landi.

Þegar Björgvin varð ekki ritstjóri *Alþýðublaðsins* 1963, ákvað hann að færa sig yfir á *Vísí*, þar sem hann varð fréttastjóri. Ekki leið þó nema tæpt ár, þangað til Gylfi Þ. Gíslason viðskiptaráðherra hafði útvegað honum stöðu fulltrúa í viðskiptaráðuneytinu. Úr ráðuneytinu sinnti Björgvin verkefnum fyrir Alþýðuflokkinn. Hann var kosinn borgarfulltrúi árið 1970, en Alþýðuflokkurinn tapaði miklu fylgi í þeim kosningum. Björgvin segir þar óljóst frá, en minnst þó á, hversu umdeilt var, að nokkrir stuðningsmenn Alþýðuflokksins tóku á leigu *Mánudagsblaðið*, sem hafði ekki gott orð á sér, og beittu því óspart í kosningabaráttunni. Snerist það í höndum þeirra. Jafnframt bendir Björgvin á, að Alþýðuflokkurinn galt þess 1970 að hafa verið lengi í ríkisstjórn. Í borgarstjórn

starfaði Björgvin oft með Albert Guðmundssyni, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Mjög var hins vegar sótt að Björgvini í prófkjöri Alþýðuflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar 1978. Hafði Vilmundur Gylfason forystu um það, en hann taldi Björgvin fulltrúa úreltra fyrirgreiðslustjórnmála og kallaði jafnvel hann og hópinn í kringum hann „skítapakki“. Björgvin skipulagði harða varnarbaráttu og vann fullan sigur. Nutu þá eiginleikar hins reynda og duglega flokksjálks sín vel. Ég hitti þá Vilmund stundum á Café Tröð, fyrir ofan bókabúð Sigfúsar Eymundssonar í Austurstræti, og er mér minnstætt, hversu honum var brugðið við ósigurinn. Björgvin var því einn af forystumönnum vinstri flokkanna, þegar meiri hluti Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórn Reykjavíkur féll vorið 1978. Mynduðu þeir Björgvin meirihluta, sem stjórnaði í fjögur ár.

Á meðan Björgvin sat í meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur, notaði hann tækifærið til að gerast einn af forstjórum Bæjarútgerðarinnar. Í bókinni kveðst hann hafa rætt málið áður við Davíð Oddsson, sem þá var leiðtogi minnihlutans í borgarstjórn, og hefði Davíð eftir nokkra umhugsun lofast að leggjast ekki gegn ráðningu hans, en ekki viljað styðja hana. Síðan segir Björgvin, að Davíð hafi svikið sig með því að bola sér úr stöðunni, eftir að Sjálfstæðisflokkurinn vann meiri hluta á ný 1982 og Davíð varð borgarstjóri. Hann hafi þess vegna ekki talað við Davíð í tíu ár. Hér fullyrðir Björgvin of mikið. Þótt maður leggist ekki gegn ráðningu í stöðu, felst ekki í því skuldbinding um að standa gegn skipulagsbreytingum síðar meir, jafnvel þótt staðan hverfi við þær. Bæjarútgerðin hafði um árabíl verið rekin með miklu tapi. Þegar hún sameinaðist Ísbirninum undir forystu Davíðs og Grandi varð til, var þessum bagga létt af Reykvíkungum. Tap snerist í gróða, þegar ötulur framkvæmdamenn tóku við útgerð af stjórnmálamönnum. Furðu sætir einnig, að Björgvin minnst aðeins á einum stað í bók sinni á hinn borgarfulltrúa Alþýðuflokksins árin 1978–1982, Sjöfn Sigurbjörnsdóttur skólastjóra, en samstarf þeirra Björgvins gekk illa, og greiddi Sjöfn ekki alltaf atkvæði með meiri hlutanum.

Björgvin var aðeins 52 ára, þegar hann missti nýfengna stöðu sína hjá Bæjarútgerðinni, og rak hann eftir það ýmis fyrirtæki í samstarfi við fjölskyldu sína, en hann átti sex syni með konu sinni. Auðséð er af bókinni, að fjölskyldan hefur gegnt miklu hlutverki í lífi Björgvins. Þótt hann hafi hitt ýmsa merka menn og verið viðriðinn sumt sögulegt, segir hann aðeins mjög lauslega frá því og aðallega í fyrirsjáanlegum tuggum. Hugur Björgvins er mjög bundinn stað og stund, honum sjálfum, hagsmunum hans og frama. Fyrstu kaflarnir, um uppvaxtarárin í Reykjavík í krepplu og stríði, eru í rauninni læsilegastir og geðfelldastir. Bókin er að vísu fróðleg fyrir alla þá, sem áhuga hafa á sögu Íslendinga á tuttugustu öld, en hún hefði getað orðið miklu betri, hefði vanur ritstjóri í útgáfufyrirtæki lesið handritið yfir og lagfært. Hann hefði til dæmis sagt höfundu að kynna menn til sögunnar og úr henni. Hver var ritstjóri *Vikunnar*, faðir Magnúsar, leikfélaga Björgvins? Þótt Björgvin nefni ekki nafn hans, segist hann hafa fengið áhugann á blaðamennsku eftir heimsókn til hans. Hér verður lesandinn forvitinn. Þótt bókin sé ekki illa skrifuð, hefði mátt laga ýmis mállýti. Björgvin segir til dæmis „Roskilde“ um Hróarskeldu og „snerist“, en ekki „snerist“. Hann kveðst í Bandaríkjaferð hafa heimsótt borgirnar Deluth og Madisson, en þetta eru auðvitað Duluth og Madison. Góður ritstjóri brýnir jafnan fyrir höfundu að treysta ekki minni sínu, heldur fletta öllu upp. Jafn-

framt hefði verið þægilegra fyrir lesandann að vita, að þessi ferð var farin vorið 1956. Lesandinn þarf að vita, hvar og hvenær hann er staddur í frásögninni.

Góður ritstjóri hefði líka bætt úr því, að við ljósmynd af Stúdentaráði 1955–1956 er aðeins sagt, að Björgvin sitji fyrir enda borðsins, fulltrúar Vöku honum á hægri hönd og fulltrúar vinstri manna honum á vinstri hönd. En þar getur að líta þjóðkunna menn, til dæmis Jón G. Tómasson borgarritari, Sigurð Líndal prófessor og Svein Skorra Höskuldsson prófessor. (Þessi sama mynd birtist í *Alþýðubladinu* 13. nóvember 1955, og þar eru allir stúdentaráðsmenn nafngreindir.) Hefði verið fróðlegt að heyra eitthvað meira um þessa samstarfsmenn Björgvins. En þessi myndatexti er í raun dæmigerður fyrir bókina og takmarkanir hennar. Hún er um Björgvin Guðmundsson og fjölskyldu hans, en aðrir eru í aukahlutverki og oft ekki nefndir.